

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR REGINS HF.

2018

Aðalfundur Regins hf. var haldinn miðvikudaginn 14. mars 2018 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, fundurinn hófst klukkan 16:00.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar, Tómas Kristjánsson, setti fundinn. Stungið var upp á Helga Jóhannessyni hrl. sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Helgi Jóhannesson tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði til að Dagbjört Erla Einarsdóttir hdl. yrði kjörin fundarritari. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað skv. 14. gr. samþykka félagsins með birtingu auglýsinga í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, heimasíðu Kauphallar og félagsins 21. febrúar 2018 og væri fundurinn því lögmætur aðalfundur félagsins. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á aðalfundinn fyrir 79,99% hlutfjár.

3. Dagskrá:

Stjórnarformaður félagsins, Tómas Kristjánsson, flutti skýrslu stjórnar. Að því búnu fór forstjóri félagsins, Helgi S. Gunnarsson, yfir reikninga félagsins vegna ársins 2017 og helstu verkefni sem ráðist var í á árinu í kynningu.

Allar tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar með miklum meirihluta atkvæða en þær voru eftirfarandi og halda sömu númerum og dagskrá:

1. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2017.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2017:

Aðalfundur samþykkti að ekki yrði greiddur arður á árinu 2018 en að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

3. Starfskjarastefna:

Aðalfundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu en hún er óbreytt frá fyrri starfskjarastefnu.

4. Heimild til kaupa á eigin hlutum:

Ekki var lögð fram tillaga um kaup á eigin bréfum.

5. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef einhverjar hafa borist.

Ekki bárust tillögur frá hluthöfum um breytingar á samþykktum félagsins.

6. Tillaga stjórnar um breyting á 4. gr. samþykka félagsins.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um heimild til stjórnar félagsins til að auka hlutafé um allt að kr. 270.943.956 að nafnverði ásamt eftirfarandi viðbót við 2. mgr. 4. gr. samþykka félagsins.

„Stjórn félagsins hefur heimild til að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 270.943.956 að nafnverði. Stjórn skal heimilt að nýta heimild þessa í einu lagi eða í hlutum. Forgangsréttur hluthafa mun ekki gilda um hið nýja hlutafé. Stjórn félagsins hefur heimild til að ráðstafa hlutafénu til að efna skuldbindingar félagsins gagnvart seljendum vegna fyrirhugaðra kaupa félagsins á 45% hlut í FM-hús ehf. og vegna samninga um kaup á dótturfélögum FAST-1 slhf. þ.e. HTO ehf. og FAST-2 ehf. Framangreind heimild stjórnar skal falla niður á aðalfundi félagsins 2019 (áætlað 13. mars 2019). Nýting heimildar þessara til aukningar á hlutafé er m.a. háð því að uppfyllt verði skilyrði 37. gr. laga nr. 2/1995. Komi til þess að stjórn nýti sér heimild þessa til aukningar á hlutafé skal stjórnin afla sérfræðiskýrslu sem byggir m.a. á 5. – 8. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.“

Tillagan var samþykkt einróma.

7. Kosning stjórnar félagsins:

Stjórn félagsins skipa eftirfarandi aðilar:

Albert Þór Jónsson, kt. 180562-3119
Bryndís Hrafnkelsdóttir, kt. 070867-7899
Guðrún Tinna Ólafsdóttir, kt. 300875-4409
Ólöf Hildur Pálsdóttir, kt. 190377-5639
Tómas Kristjánsson, kt. 151165-3389

Eftirtaldir aðilar voru sjálfkjörnir í varastjórn:

Finnur Reyf Stefánsson, kt. 141069-3659
Hjördís D. Vilhjálmisdóttir, kt. 100369-5839

8. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, yrði endurkjörð endurskoðunarfyrtæki félagsins.

9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 640.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 320.000 kr. á mánuði.

Varamenn: 150.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, þó ekki hærra en 320.000 kr. fyrir hvern mánuð.

Seta í undirnefndum stjórnar:

Nefndarmaður í starfskjaranefnd: 20.000 kr. á mánuði.

Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 40.000 kr. á mánuði.

Formaður endurskoðunarnefndar: 80.000 kr. á mánuði.

10. Önnur mál:

Fyrir fundinum lá tillaga Eaton Vance Management um að koma á laggirnar tilnefningarnefnd hjá félaginu. Gildi-lífeyrissjóður lagði fram breytingartillögu við tillögu Eaton Vance

Management og þar sem hún gengur lengra en upprunalega tillagan var breytingartillagan fyrst borin upp til atkvæða. Fundarstjóri óskaði eftir afstöðu hluthafa til þessa fyrirkomulags og bárust engin andmæli.

Tillagan var samþykkt og því litið svo á að upprunaleg tillaga hafi með því fallið niður.

Endanleg samþykkt er svohljóðandi:


„Aðalfundur Regins hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og leiðbeiningarreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundinum, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Fyrir hönd Eaton Vance Management kom fram að breytingartillögunni væri fagnað en sökum þess að hluthafar náðu ekki að ræða tillöguna fyrir fundinn greiddi hluthafinn atkvæði gegn breytingartillögunni.

Fundi slitið kl. 17:30

Helgi Jóhannesson, hrl.

Dagbjört Erla Einarsdóttir, hdl.



Dagbjört Erla Einarsdóttir